



Norðurþing

- Við hugsum áður en við hendum

Sorphandbók

Útgefið af Umhverfissviði Norðurlþings í samstarfi við Sel sf.
2019





Ágætu íbúar

Það er gleðilegt að loks séum við að taka jákvæðari og umhverfsvænni skref í sormálum sveitarfélagsins með aukinni flokkun heimilisúrgangs í Kelduhverfi, Öxarfirði, Kópaskeri og á Raufarhöfn. Nú geta íbúar allstaðar í sveitarfélaginu flokkað pappa, plast og málma frá öllum heimilisúrgangi í þar til gerðar flokkunartunnur sem sóttar eru með reglulegu millibili á öll heimili fólks bæði í dreifbýli og þéttbýli Norðurþings.

Markmiðið með aukinni flokkun íbúa á heimilissorpi og aukinni endurvinnslu efna er að til verði hringrás sem dregur úr frumvinnslu hráefna og þannig má minnka álagið á auðlindir jarðarinnar okkar. Þannig drögum við líka úr því magni sorps sem þarf að urða sem er mikilvægt markmið að viðhalda. Norðurþing hefur tekið þátt í halda hringrás hráefnanna gangandi og með tilkomu flokkunar á Húsavík og í Reykjahverfi fyrir nokkrum árum síðan dró verulega úr því magni sem fer frá sveitarfélaginu til urðunar, því ætla má að ríflega helmingur heimilissorps fari nú í endurvinnslu.

Æ fleiri íbúar eru meðvitaðri um mikilvægi þess að draga úr sóun, að efla verði endurvinnslu og að við getum gert svo miklu betur í að vernda náttúruna okkar gegn álagi og mengun. Sveitarfélög á Íslandi sem og í löndunum sem við viljum bera okkur saman við eru mörg farin að taka alvöru skref í átt að sjálfbærnimarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Við í Norðurþingi eigum að taka þátt í þeirri vegferð og ég vil benda öllum á að kynna sér markmiðin 17, m.a. inni á vefnum undir slóðinni www.un.is/heimsmarkmiðin

Það er til fyrirmyndar hvað margir íbúar sveitarfélagsins á ofangreindum svæðum hafa flokkað allt sitt sorp til langs tíma, þrátt fyrir að aðbúnaður og umhverfi á vegum sveitarfélagsins hafi ekki stutt nægjanlega vel við þessa viðleitni fólks. Fyrir elju ykkar íbúanna vil ég þakka sérstaklega og vona að betri aðbúnaður sveitarfélagsins hvað sorphlokkun varðar verði hvatning til að gera enn betur. Með því að gera fólki auðveldara að flokka það heimilissorp sem til fellur vil ég hvetja alla íbúa til að taka nú höndum saman og vera öðrum fyrirmynd í umhverfismálum almennt. Flokkum sorpið sem frá okkur kemur og leggjum okkar lóð á vogarskálar hreinna umhverfis og aukinnar endurvinnslu.

Kær kveðja,
Kristján Þór Magnússon, sveitarstjóri

PAPPÍRSTUNNA

BLANDAÐUR PAPPÍR OG PAPPÍR

Í MIG Á AÐ FARA:

Sléttur pappír - t.d. morgunkornspakkar
Bæklingar
Hreinar mjólkurfernur (skola þær vel)
Eggjabakkar
Gjafapappír
Bylgjupappír
Dagblöð og tímarit
Umslög og gluggaumslög
Skrifstofupappír

Mjólkurfernur skal skola vel

Pappír undan matvælum þarf að vera þurr og hreinn

Allt efni skal **EKKI** vera í lokuðum pokum heldur
fara laust í tunnum



Norðurþing - við hugsum áður en við hendum

PLASTTUNNAN

PLASTUMBÚÐIR OG MÁLMAR

Í MIG Á AÐ FARA:

Plastpokar
Plastbakkar
Plastfilma glær og lituð
Plastbrúsar t.d. hreinsiefni
Plastflöskur t.d. sjampó/sósur
Plastumbúðir t.d. sælgæti/kex
Plastdósir t.d. undan mjólkurvörum
Pokar t.d. utan af snakki
Málmlok af krukum
Málmílát t.d. undan matvöru

Plast undan matvælum þarf að vera vel skolað og þurr

Allt efni skal **EKKI** vera í lokuðum pokum heldur
fara laust í tunnuna



Norðurping - við hugsum áður en við hendum

Almennar upplýsingar

Gámaplön verða áfram í Höfðabrekku, Þverá, á Kópaskeri og Raufarhöfn.

- Á þessum stöðum verða skúffur undir brotajárn og stærra, gróft almennt sorp, auk lokaðs gáms undir almennt sorp.

Áríðandi er að flokka rétt í brotajárnsskúffu

- Passa þarf að ekki sé fokhætta af því sem sett er í skúffuna fyrir gróft almennt sorp og að smærra rusl, sem kemst auðveldlega í lokaða gáminn, sé sett í hann.
- Að gefnu tilefni er bent á að, ekki má henda gleri í hana.
- Ekkert rusl á að setja beint á planið - Ef ekki er augljóst ílát undir efnið, er ekki móttaka fyrir því á þessum stað.
- Móttaka fyrir raftæki, spilliefni ofl. er á Kópaskeri í samráði við Sel sf. og á Raufarhöfn í samráði við Áhaldahús.
- Gámar eru í Ásbyrgi, á Kópaskeri og Raufarhöfn fyrir stærri bylgjupappa. **Áríðandi er að í þá gáma fari eingöngu bylgjupappi.**
- Plasttunnan á að taka við öllu umbúðarplasti og smá málmum.
- Stærri málmar fara í brotajárn á gámaplönnum
- Að auki eru lokaðir gámar á fleiri stöðum, t.d. við Lund, Sultir og Meiðavelli.

Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Norðurþingi

Í Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Norðurþingi, 9.gr. Staðsetning sorpiláta og aðgengi segir m.a.:

Sorpilát skulu höfð í þar til gerðum sorpskýlum eða sorpgeymslum ef hægt er að koma því við og skulu þau staðsett þannig að aðgengi að þeim frá götu sé gott. Ef um fjölbýlishús er að ræða skal staðsetja ílát saman eða sameinast um ílát. Í deiliskipulagi nýrra hverfa skal tekið tillit til sorpgeymslna við skipulagningu. Sorpilátin skulu staðsett þannig að gott aðgengi sé að hverju íláti fyrir sig og möguleiki á tæmingu hvers þeirra án tilfærslu annarra íláta.

**Samþykktin í heild sinni er aðgengileg á vef Norðurþings
www.nordurthing.is > stjórnsýsla > reglur og samþykktir**



Fatamóttaka Rauða Krossins

Raufarhöfn - Aðalbraut 23
Kópasker - Bakkagata 6



Allir geta gert eitthvað!

Nú stendur yfir vinna við Umhverfisstefnu Norðurlþingis. Sveitarfélagið hefur fram til þessa ekki haft slíka stefnu. Á tímum þar sem allir þurfa að taka ábyrgða afstöðu og vinna að bættu umgengi við náttúruna er skýr umhverfisstefna lykilþáttur. Í stefnunni þurfa að koma fram markmið sveitarfélagsins í umhverfismálum og aðgerðir til að ná þeim markmiðum. Umhverfisstefna Norðurlþingis mun skapa umgjörð um alla starfsemi og þjónustu sveitarfélagsins.

Sorpmál eru eitt af stærstu viðfangsefnum sveitarfélaga hvað umhverfismál varðar. Um þau verður fjallað sérstaklega í stefnunni, þar sem m.a. verða sett skýr markmið um flokkun, endurnýtingu og urðun. Jafnframt þarf að leggja mikla áherslu á fræðslu í þessum málaflokki og leiðir til að auðvelda íbúum umhverfisvænni lífshætti.

Kær kveðja,
Silja Jóhannsdóttir,
formaður Skipulags- og framkvæmdaráðs Norðurlþingis



Sel sf.
Röndin 7 670 Kópasker
sími 894 0172